

# Deka plan 230 flotefni

## Efnislýsing

Deka plan er ódýrt, dælanlegt hraðharðnandi flotefni sem er auðvelt í meðförum. Ekki er þörf á frekari yfirborðsmeðhöndlun, svo sem slípun eða fínspörtun. Efnið er þurr efni í 25kg pokum sem er blandað vatni á byggingarstað. Stuttur þurrktími leyfir lögn á dúk eða parketi eftir 7-10 daga. (Fer þó eftir þykkt, loftraka, hitastigi og öðrum aðstæðum.) Flísar má leggja með sementsbundnum límum daginn eftir flotun.

## Notkunarsvið

Deka plan hentar í íbúðarhúsnæði, á skrifstofum, iðnaðargólfum, og þar sem álag er í meðallagi.

## Undirvinna

Undirlagið skal vera sterkt, hreint og laust við lausan múr, sementslamma, raka, fitu og önnur óhreinindi, og þarf að þola togkraft allt að 3,0 N/mm<sup>2</sup>.

Límrestar og aðra húð er best að fjarlægja með demantsslípun. Ef olía eða fita er í steininum, þarf að brenna hana í burtu með þar til gerðum tækjum.

Ef flota á yfir lakkað gólf, skal slípað yfir með sandpappírs-slípivél og lakkið mattað. Grunnið með Deka Akryl 1:1, stráðið þurru flotefni í blautan grunninn og kústið saman.

## Grunnur

Grunna skal með Deka Akryl og blanda hann 1 hluti grunnur og 3 hlutar vatn. Sjá nánari leiðbeiningar um notkun.

## Blöndun og lögn

Notið alltaf hreint og **KALT** vatn. (4-6°C) Ef notað er of heitt vatn þá breytast eðliseiginleikar flotsins og það getur eyðilagst. Vatnsmagn er 19-20% eða 4,75- 5 lítrar í 25 kg. poka. Hellið vatninu fyrst í dallinn og múrefninu á eftir.

Blandið saman með hægðengri borvél þar til efnið er kekkjalaust og viðunandi seigju er náð.

Ef dæla á efninu, leitið þá upplýsinga hjá söluaðila. Mælið flotið í efninu (samkv. SS 923519) með hring sem er 50x22mm. Skal þá flotið í efninu vera 150-155mm.

Athugið alltaf við flotprufu hvort efnið sé nægjanlega vel hrært.

## Ásetning

Flotinu er dælt með þar til gerðri múr/flotdælu. Efnið er lagt í þunnu lagi fram og til baka eftir gólfinu. Hámarksbreidd á svæði er 8 - 12m (fer eftir dælugetu). Á breiðari svæðum þarf að skilja að með svamplista. Draga þarf tenntan spaða eftir yfirborðinu til að losa um loft og koma í veg fyrir loftbólur. Ef þarf að flota í tveimur umferðum, þurfa að líða ca 6 klst á milli umferða. Noti menn hrærvél og dall þarf að gæta þess að líftími blöndu er ekki nema 10 - 15 mín (fer eftir hita, loftraka, loftræstingu o.s.fr). Að öðru leiti er verkið framkvæmt á sama hátt og með dælu.



## Athugið

Fyrir lögn á parket eða dúk skal alltaf fullvissa sig um að undirlagið sé nægjanlega þurrt. Best er að ráðfæra sig við seljendur gólfefnisins um hvernig mæla eigi rakastig í floti og við hvaða rakamörk skal miða.

## Eiginleikar Deka Plan

Þykkt max:	30 mm
Þykkt min:	2 mm
Þrýstipól(EN 13813)	25 N/mm <sup>2</sup> ( eftir 28 daga)
Beygjutogpól(EN 13813)	6 N/mm <sup>2</sup> ( eftir 28 daga)
Togpól (28 dagar)	3 N/mm <sup>2</sup>
Rýrnun á 28 dögum	<0,5%
Flot (SS 923519)	150-155 mm
Brunaflokkun(EN13501-1)	A2fl s1
pH ( í fullþurru gólfi)	ca 11,5
Bindiefni:	Alumina sement Portlandsement
Fylling	Natursandur
+	Dolomitfiller
Vatnspörf í 25kg	4,75-5L (19-20%)
RWFC þol gagnvart hjólum skrifborðsstóla (EN 13892-7) m.v. 4-30mm	RWFC 350
Efnisnotkun	
10mm þykkt:	17kg/m <sup>2</sup>
Gönguhæft eftir	1-3klst
Fullpurt	1 viku

## Annað

Þar sem aðstæður og vinnubrögð geta verið mismunandi skal líta á þessar upplýsingar sem leiðbeinandi. Leitið alltaf upplýsinga hjá sölumönnum ef í vafa. Ekki má blanda öðrum efnum saman við flotið þar sem það breytir eiginleikum efnisins og kemur niður á gæðum þess.

# MÚRBÚÐIN